

135. löggjafarþing 2007–2008.  
Þskj. 0 — 1. mál.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/316  
komudagur 19.11.2007

## Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (12 Viðskiptaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspeglar þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðastliðin fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun minni hlutans að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati minni hlutans hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðustu 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunur hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfolk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársvelt og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fákeppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframtak á mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur er viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufólk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stóru auknum sjúklinga- og lyfjasköttum á meðan skattar hafa ýmist verið lækkaðir og/eða felldir niður á auð- og hátekjumönnum. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin í dróma og einsleit „álbræðsluhyggja“ hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Hafrannsóknir og sjálfbærar veiðir hefur verið gefin of lítill gaumur. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland gert að þátttakanda í Íraksstríðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn ríkislögreglustjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl. en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggja og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggju. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðföst skoðun 1. minni hluta að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlögum fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefna sviði viðskiptanefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 16. október 2007 staðfesta þeir að mati 1. minni hluta það sem að framan greinir. Það kemur

best fram við samanburð á því umhverfi og fjárhagslegum starfsskilyrðum o.fl. sem Fjármálaeftirlitinu er annars vegar búin og hins vegar Samkeppniseftirlitinu. Hjá Fjármálaeftirlitinu starfa 41 starfsmaður og með sérstökum tekjustofnum eru eftirlitinu tryggðar 935,7 millj. kr. til reksturs árið 2008 og er lagt til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 338,6 millj. kr. Hjá Samkeppniseftirlitinu starfa 20 starfsmenn og gert er ráð fyrir 252,5 millj. kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. 1. minni hluti telur að þessar eftirlitsstofnanir sinni einkar mikilvægum verkefnum, en að Samkeppniseftirlitið gegni ef eitthvað er veigameira hlutverki í þágu hagsmuna almennings en Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur staðið sig vel í viðleitni sinni til að auka á trúverðugleika íslenskra fjármálafyrirtækja og reyndist traustur bandamaður þeirra þegar þau sættu alvarlegri gagnrýni erlendis frá fyrir útrásarstarfsemi sína og grundvöll hennar. Hafa ýmsir erlendir fjármálasérfræðingar talið að íslenskar fjármálastofnanir hafi farið offari í svonefndri útrás. Vaxtaokrið á Íslandi hefur hins vegar haldið sínu striki og íslenskir bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa átölulítið stefnt fasteignamarkaði og íbúðalánakerfi okkar í mikið óefni, eins og öllum má ljóst vera af fréttum síðustu daga, með markvissum aðgerðum frá miðju ári 2004. Bankarnir buðu fram íbúðalán á hagstæðum kjörum haustið 2004 og hafa með gylliboðum og auglýsingum náð undir sig stórum hluta íbúðalánamarkaðarins. Nú hefur það gerst sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð og fleiri vörðu við, bankarnir hafa stórhækkað vexti af íbúðalánnum í krafti markaðsstöðu sinnar. Mikil fákeppni einkennir fjármálageirann og auður safnast á örfárra manna hendur. Og nú síðast er sótt að sparisjóðunum í landinu og samfélagslegum eignum þeirra af hópi auðmanna á kostnað hinna dreifðu byggða og almennings. Er nauðsynlegt að vel sé búið að Fjármálaeftirlitinu til að það geti sinnt þessum verkefnum og fleiri ónefndum.

Að mati 1. minni hluta hefur Samkeppniseftirlitið sýnt það og sannað að starfsemi þess getur skilað verulegum árangri í þágu almennings. Nægir þar að nefna olíusamráðsmálið. Það breytir ekki þeirri staðreynd að stofnunin hefur ekki getað sinnt brýnum verkefnum sem hún hefur á sinni könnu. Það á sérstaklega við um almennar rannsóknir og athuganir, svo sem þar sem fákeppni ríkir. Nýleg dæmi um verðsamráð matvöruverslana staðfesta það. Samkeppniseftirlitið hefur lengi haft áhuga á að skoða fákeppi í viðskiptum heildstætt en ekki haft fjárhagslega burði til þess. Meginorka og fjárveitingar til stofnunarinnar hafa farið í sértækar athuganir og eftirlit. Upplýst er að skilvirkni stofnunarinnar og málshraði eru ekki í samræmi við væntingar stofnunarinnar. Einnig að úrbóta sé þörf á samkeppnislögunum. Samkeppniseftirlitið á að minnsta kosti að sitja við sama borð og Fjármálaeftirlitið hvað fjárveitingar varðar en gerir það alls ekki. Fjárveiting hefur verið aukin milli árana 2007 til 2008 um 18,7%. Aukningin hrekkur engan veginn til þess að mæta kostnaði við þau verkefni sem stofnuninni eru falin lögum samkvæmt, auk þess sem forsendur í rekstri stofnunarinnar hafa breyst, verkefnum hefur fjölgað og stofnunin hefur þurft að kosta miklu til vegna flutninga í nýja starfsstöð. Hlutfall fjárveitinga til Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins er 1 á móti 3,7 Fjármálaeftirlitinu í hag sem er langtum hærra en þekkist á Norðurlöndum. Því er við að bæta að innheimtar sektir í kjölfar eftirlits Samkeppniseftirlitsins hafa skilað ríkissjóði tekjum umfram fjárveitingar til stofnunarinnar. 1. minni hluti telur afar brýnt í þágu almennings og almannahagsmuna að margfalda fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins og gera því jafnhátt undir höfði og Fjármálaeftirlitinu.

Fleiri stofnanir á málefnasviði viðskiptanefndar sem þjóna hagsmunum almennings búa við viðvarandi fjársveldi. Má þar nefna Neytendastofu og talsmann neytenda. Fjárveitingar til þessara mikilvægu stofnana eru beinlínis lækkaðar milli ára þvert á rökstuddar beiðnir um

C:\Documents and Settings\krb\Local Settings\Temporary Internet Files\Content.Outlook\Y10AGFEF\0001-stjfrv-alit minnihluta vidskn-fjarlogk**innslu**

umtalsverðar hækkanir. Það staðfestir að mati 1. minni hluta einbeitta og óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins sem Samfylkingin hefur tekið upp á sína arma.

Að mati 1. minni hluta fær landsbyggðarfólk kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að framlag til flutningasjóðs olíuvara upp á 401 millj. kr. verði fellt niður. 1. minni hluti leggst alfarið gegn þeim fyrirætlunum. Á sama tíma er fjárveiting til ráðuneytis viðskiptamála í Reykjavík hækkuð um 23,6%.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Atli Gíslason